

**VESTURDALSÁ 1994.**

**Gönguseiði, endurheimtur og seiðabúskapur.**

**Þórólfur Antonsson og  
Sigurður Guðjónsson.**

**Veiðimálastofnun VMST-R/95016x.**

x: heft útbreiðsla, ekki má vitna til skýrslunnar án leyfis höfunda.

## Efnisyfirlit.

|                                                             | Bls.      |
|-------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Inngangur.....</b>                                       | <b>2</b>  |
| <b>Framkvæmd.....</b>                                       | <b>2</b>  |
| <b>Niðurstöður og ályktanir.....</b>                        | <b>3</b>  |
| Gönguseiðin 1994.....                                       | 3         |
| Stofnstærð gönguseiða 1992 og endurheimtur 1993 og '94... 3 |           |
| Rafveiðar.....                                              | 4         |
| Merkjaskil .....                                            | 5         |
| Hreistursýni.....                                           | 6         |
| Lax- og silungsveiðin 1994.....                             | 6         |
| Talningar á laxi og bleikju upp ána.....                    | 6         |
| Lokaorð.....                                                | 7         |
| <b>Þakkarorð.....</b>                                       | <b>8</b>  |
| <b>Heimildir.....</b>                                       | <b>8</b>  |
| <b>Töflur.....</b>                                          | <b>9</b>  |
| <b>Myndir.....</b>                                          | <b>14</b> |

## Inngangur

Þessi greinargerð er áfangaskýrsla úr langtímarannsóknum sem framkvæmdar eru í Vesturdalsá í Vopnafirði á hverju ári. Upphaf þessara rannsókna ná allt aftur til ársins 1979 en síðan þá hefur verið fylgst með seiðabúskap árinna. Hin síðari ár hafa bæst við aðrir rannsóknabættir svo sem gönguseiðatalningar, bleikjurannsóknir, talning á kynþroska fiski upp ána, auk skráningar allrar veiði (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1992; Ingi Rúnar Jónsson 1994).

Megintilgangur rannsókna er að skýra hinn mikla breytileika í laxveiði á milli ára sem er í ám á þessu landsvæði og raunar Norðurlandi öllu. Því er mikilvægt að fá röð gagna yfir langt tímabil af sem flestum þáttum úr lífsferlum laxins og bleikjunnar til þess að ábyggilegar niðurstöður fáiast. Rannsóknir þessar hafa þegar sýnt ágæti sitt við samanburð á sveiflum í fiskistofnum laxfiska, hérlandis við ár á öðrum hafsvæðum og við aðrar tegundir fiska (Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992 og 1994).

## Framkvæmd

Áður hefur framkvæmd við rannsóknirnar verið lýst í stórum dráttum (Þórólfur Antonsson 1990). En 1993 var gildrustæðið fært ofar í ána, rétt ofan Ljótsstaða. Þar er steypdur þröskuldur þvert yfir ána og hugsaður til að auðvelda veiðar á niðurgönguseiðum og talningu á uppgöngu lax og silungs. Komið var fyrir sjálfvirkum teljara, Árvaka, sem skráir inn á tölvu fjölda og stærð fiska sem upp ána ganga. Teljarinn hefur verið í þróun undanfarin ár og var það í fyrsta skipti síðastliðið ár sem sæmilegar niðurstöður náðust.

Illa gekk að veiða gönguseiði sumarið 1994 eins og sumarið á undan en gildra var höfð uppi frá 4. júlí til 4. ágúst.

## Niðurstöður og ályktanir.

Gönguseiðin 1994.

Kalt var fram eftir júní og mikill snjór var á heiðum lengur en venjulega. Því var gönguseiðagildran ekki sett upp fyrr en 4. júlí eftir að brá til betri tíðar um mánaðarmótin júní - júlí. Gildran var svo starfrækt stöðugt til 4. ágúst, en með breyttu formi til þess að trufla ekki uppgöngulax og silung. Lækkað var á plankaröðum í austasta bili fyrirstöðunnar, þannig að mest af vatninu rann þar eða í gegnum teljaragatið.

Ekki gengu seiðaveiðarnar vel þetta árið fremur en árið á undan. Aðeins veiddust 47 laxaseiði og 91 bleikjuseiði. Laxaseiðin voru að smátínast út en flest komu 22.-24. júlí. Það þótti því ekki svara kostnaði að senda mann frá Reykjavík til að merkja þessi seiði. Því voru aðeins merkt 6 seiði í upphafi tímabilsins, meðan menn frá Veiðimálastofnun voru eystra. Bleikjuseiðin voru aðeins talin en ekki merkt.

Hvernig túlka ber svo slaka göngu nú er erfitt að segja um. Hugsanlega hafa einhver seiði gegnið í flóðum áður en gildra var sett upp, eða að reytingur af seiðum hefur gengið út yfir allt sumarið. Reynsla annars staðar frá af Norðausturlandi sýnir að mikið var um stór seiði í ánum um haustið sem hefðu átt að ganga út um vorið. Einnig er hugsanlegt að þetta séu áhrif frá sumrinu 1993 þ.e. að kuldatíðin þá hafi tafið svo fyrir þroska seiðanna að ákvörðun um útgöngu hafi einnig tafist ári seinna.

Stofnstærð gönguseiða 1992 og endurheimtur 1993 og '94.

Sumarið 1992 fóru 2099 laxaseiði merkt til sjávar. Alls veiddust 236 laxar sem 1 árs lax 1993 en 103 sem 2 ára laxar sumarið 1994. Af þessum 103 löxum stórlöxum 1994 voru 9 merktir. Út frá fjölda merktra seiða og hlutfalli merktra/ómerktra í veiði einu til tveimur árum seinna er hægt að reikna fjölda seiða

sem gengu út merkingarárið.

Forsendur reikninga á stofnstærð gönguseiða 1992 út frá veiddum 2 ára laxi 1994 og merkjaskilum í þeim:

Fjöldi merktra vor 1992;  $m=2099$

Veiddir 2 ára laxar 1994;  $c=103$

Fjöldi merktra í veiði;  $r=9$

$N = m \times c / r$ ;  $N = 2099 \times 103 / 9 = \underline{24.022}$  seiði gengu út 1992.

Endurheimtuprósentu á 2 ára laxi í veiði var þá:

$9 / 2099 \times 100 = \underline{0.4 \%}$

#### Rafveiðar 1994.

Athugun á seiðabúskap Vesturdalsár fór fram dagana 17.-18. ágúst 1994. Það var gert með hefðbundnum hætti, þannig að veiddar voru 5 stöðvar á svipuðum stöðum og undanfarin ár (1. mynd).

Seiðin sem veiddust voru á lengdarbilinu 5.5 - 12.5 cm (2. mynd). Engin vorgömul seiði veiddust (tafla 1), en þau veiðast oft illa og hitta þarf á réttu svæðin til að finna þau. Oft hafa komið sæmilegir árgangar, þó lítið hafi fundist af þeim vorgömlum. Þannig að ekki er ástæða til ótta um lélegan árgang fyrr en á næsta ári ef engin eins árs seiði sýna sig þá. Þéttleiki flestra seiðaárganga er nálægt meðaltali árabilsins 1979-1994 (tafla 2) og svipað gildir um meðallengd seiða í árgangi (tafla 3). Því ætti seiðabúskapurinn ekki að koma í veg fyrir það að sæmileg veiði yrði á næstu árum, en þar kemur fleira til. Eins og hefur sýnt sig í veiðum á gönguseiðum tvö síðustu sumur hafa seiðin ekki gengið niður með "eðlilegum" hætti. Líklegt er að kuldar sumarið 1993 hafi breytt göngunni og einnig var mikið vatn og kuldar út júní sumarið 1994. Þrátt fyrir þetta kom nokkuð af eins árs laxi í Vesturdalsá 1994

en göngur af eins árs laxi voru yfirleitt slakar í landshlutanum. Mikil snjóalög benda einnig til að vora muni seint í ánum á komndi vori ef ekki breytir verulega til á næstunni. Nú (í mars 1994) berast einnig tíðindi af því að svalsjór sé ríkjandi fyrir öllu norðurlandi, sem er ekki uppörvandi fyrir komandi gönguseiði. Það eru þessir þrír þættir sem eru ráðandi um laxgengd, þ.e. árgangastyrkur verðandi gönguseiða, skilyrði til útgöngu úr ánni og hvernig ástand sjávar og ætisskilyrði eru þar eftir útgöngu seiðanna. Ekki er samt ástæða til að fullyrða neitt strax því oft hafa orðið snögg umskipti í tíðarfari.

#### Merkjaskil.

Sumarið 1991 var sleppt 12.000 sumaröldum laxaseiðum á ófiskgeng svæði í Vesturdalsá. Af þeim voru 2.406 seiði merkt og var það sá hluti þeirra sem var búinn að ná a.m.k. 9 sm stærð. Ómerktu seiðin voru á bilinu 6,5-9,0 sm (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1992). Áætlað var að fyrsti hluti þessara seiða gengi niður 1992 og upp sem smálax 1993. Það gekk eftir og þrjú merki skiluðu sér úr merкта hópnum 1993, en aðeins eitt þeirra kom í Vesturdalsá, annað í Hofsá og hið þriðja í Laxá í Aðaldal. Sumarið 1994 skiluðu sér 2 merki í Vesturdalsá, en 1 í Vatnsdalsá og annað í hafbeitarstöðina í Hraunfirði. Það hafa því 3 merktir laxar skilað sér í Vesturdalsá og aðrir þrír í önnur vatnakerfi. Þetta gera 0,12% endurheimtu innan og utan Vesturdalsár eða 0.25% í það heila. Af þeim 12.000 seiðum sem sleppt var á heiðarnar má því ætla að hafi skilað sér um 15 laxar í veiði í Vesturdalsá en aðrir 15 annars staðar.

Það endurheimtust þrjú merki af seiðum merktum 1992 þ.e.a.s. af náttúrulega seiðahópnum annars staðar en í Vesturdalsá. Tvö af þeim í Miðfjarðará í Húnavatnssýslu og eitt í Selá í Vopnafirði. Þessar villur, bæði af sleppiseiðum sem búin eru að dvelja heilt ár eða meira í ákveðnu vatnakerfi og ekki síður af al-náttúrulegum seiðum er erfitt að skýra. Helst er talið að laxarnir séu að átta sig

dagana eftir uppsetningu gerðu truflanir vart við sig, en einnig 15.-18. ágúst. Í byrjun september gerði mikið flóð og grófst undan stíflunni og plankar losnuðu úr henni. Þá er líklegt að eitthvað hafi gengið framhjá teljara.

Alls gengu 332 laxar og 1284 bleikjur í gegnum teljarann (6. og 7. mynd). Mest af laxinum gekk frá 22. - 30. júlí. Toppar í smálaxi og stórlaxi koma á sömu tímum og bendir 6. mynd til þess að vanti framan af stórlaxagöngunni í teljaragögnunum. Aðalbleikjugangan er heldur seinna eða frá 26. júlí til 11. ágúst (7. mynd). Nokkur bleikjuganga er í lok júní, sem kemur á óvart og verður fróðlegt að fylgjast með þessu næstu árin.

Mest af fiskinum gengur frá því um hádegi og fram til sjö á kvöldin en minnst frá 4 -9 að morgni. Þetta er í nokkru ósamræmi við göngu lax í Elliðaárnar en þar eru göngur mestar um lágnættið (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995). Reyndar er teljari staðsettur mun lengra frá sjó í Vesturdalsá heldur en í Elliðaánum og getur það skýrt hluta misræmisins. Sundurgreining göngunnar eftir stærð virðist vera nokkuð augljós (9. mynd), en teljarinn sýnir í heildina heldur stærri fisk en kemur fram í mælingu á veiðinni.

#### Lokaorð.

Margir aðilar hafa lagt mikið á sig til þess að rannsóknir þær sem stundaðar eru í Vesturdalsá í Vopnafirði gangi sem best fyrir sig. Því er það svekkjandi þegar að illa gengur að ná gönguseiðum til merkinga, þar sem sá þáttur er svo mikilvægur. Enn má eiga von á erfiðleikum í vor þar sem snjóalög eru svo mikil nú. En rannsóknirnar eru margþættar og flestir verkþættir gengu með eðlilegum hætti. Ráðast verður í það strax og vorflóð eru búin að styrkja undirstöðuprepið fyrir gildruna. Annars er hætta á að grafist aftur frá því. Einnig eru hugmyndir um það að koma seiðagildrunni fyrir með sama hætti og í fyrra en ganga betur frá henni.

## Þakkarorð

Við þökkum þeim Sigurjóni Friðrikssyni og Garðari Svavarssyni sérstaklega fyrir töku örmerkja, söfnun á hreistri auk annars stuðnings. Einnig hafa Friðbjörn H. Guðmundsson og Jörgen Sigurðsson verið mjög hjálplegir. Haukur Hreggviðsson sá um að vitja seiðagildrunnar lengst af. Starfsmenn Veiðimálastofnunar þeir Björn Theodórsson, Guðni Guðbergsson, Eydís Njarðardóttir, Friðþjófur Árnason, Friðjón M. Viðarsson og Sumarliði Óskarsson hafa lagt hönd á plóg. Þeim er öllum þakkað svo og þeim fjölmörgu veiðimönnum sem sýna mikinn skilning á rannsóknunum og þurfa jafnvel að fórna trjónunni af laxinum sínum.

## Heimildir

Guðni Guðbergsson 1995. Laxveiðin 1994. Veiðimálastofnun VMST-R/95008.

Ingi Rúnar Jónsson 1994. The life-history of the anadromous Arctic char, *Salvelinus alpinus* (L.), in River Vesturdalsá and Lagoon Nypslón NE-Iceland. Þrófritgerð í fiskifræði við háskólann í Bergen.

Þórólfur Antonsson 1990. Vesturdalsá í Vopnafirði 1989. Gönguseiðagilda og rafveiðar. VMST-R/90001

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1993. Vesturdalsá 1992. Gönguseiði, endurheimtur og þéttleiki smáseiða. VMST-R/93017x.

Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992. Sveiflur í veiði og nýliðun fiskistofna. Ægir 8.tbl. bls. 404-410.

Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1994. Tengsl Barentshafs og Íslandsmiða. VSMT-R/94004.

Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995. Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaánna 1994. Veiðimálastofnun, VMST-R/95010x.



Tafla 1. Fjöldi laxaseiða á 100 m<sup>2</sup>, heildarfjöldi, meðallengd (cm), meðalþyngd (gr) og holdastuðull þeirra eftir aldri í Vesturdalsá 1994. Gefið er staðalfrávik fyrir 3 síðasttöldu þættina.

| Aldur                      | 0+ | 1+   | 2+   | 3+   | 4+   | 5+ |
|----------------------------|----|------|------|------|------|----|
| Fjöldi /100 m <sup>2</sup> | -- | 3.2  | 4.0  | 3.0  | 0.5  | -- |
| Heildar-fjöldi             | -- | 33   | 41   | 31   | 5    | -- |
| Meðal-lengd                | -- | 6.1  | 8.0  | 9.9  | 11.7 | -- |
| Staðal-frávik              | -- | 0.30 | 0.46 | 0.57 | 0.71 | -- |
| Meðal-þyngd                | -- | 2.4  | 5.4  | 10.5 | 17.3 | -- |
| Staðal-frávik              | -- | 0.40 | 0.90 | 1.06 | 4.21 | -- |
| Holda-stuðull              | -- | 1.05 | 1.04 | 1.06 | 1.06 | -- |
| Staðal-fávik               | -- | 0.05 | 0.04 | 0.07 | 0.08 | -- |

Tafla 2. Þéttleiki laxaseiða á hverja 100 m<sup>2</sup> botnflatar í Vesturdalsá árin 1979-1994, skipt eftir aldurshópum.

| Ár              | Fj.st.        | 0+   | 1+   | 2+   | 3+   | 4+   | eldri | alls |
|-----------------|---------------|------|------|------|------|------|-------|------|
| 1979            | 6             | 0,6  | 10,0 | 4,9  | 9,7  | 0,4  | --    | 25,6 |
| 1980            | 9             | 7,1  | 1,5  | 13,6 | 1,8  | 2,4  | 0,3   | 26,7 |
| 1981            | 5             | 1,9  | 7,1  | 1,8  | 6,5  | 0,3  | 0,1   | 17,7 |
| 1982            | 6             | --   | 1,3  | 4,5  | 0,5  | 0,3  | 0,2   | 6,8  |
| 1983            | 5             | 0,2  | 0,6  | 3,0  | 2,1  | 0,4  | 0,1   | 6,4  |
| 1984            | 3             | --   | --   | 1,2  | 6,4  | --   | --    | 7,6  |
| 1985            | 13            | 0,1  | --   | 0,2  | --   | --   | 0,2   | 0,5  |
| 1986            | 8             | 2,8  | 2,5  | 0,1  | 0,6  | 0,1  | --    | 6,1  |
| 1987            | 6             | 4,2  | 2,1  | 0,7  | 0,1  | --   | 0,1   | 7,2  |
| 1988            | 4             | 0,2  | 7,1  | 1,5  | 0,2  | --   | --    | 9,0  |
| 1989            | 5             | 1,0  | 3,3  | 7,5  | 0,6  | --   | --    | 12,4 |
| 1990            | 5             | --   | 10,7 | 7,3  | 4,3  | --   | --    | 22,3 |
| 1991            | 5             | 0,6  | 2,3  | 3,5  | 1,5  | --   | --    | 7,9  |
| 1992            | 5             | 3,6  | 1,8  | 3,1  | 5,4  | 0,8  | --    | 14,7 |
| 1993            | 5             | 0,4  | 3,3  | 1,9  | 3,1  | 0,9  | 0,1   | 9,7  |
| 1994            | 5             | --   | 3,2  | 4,0  | 3,0  | 0,5  | --    | 10,7 |
| Meðal<br>þéttl. | 1979-<br>1994 | 1,42 | 3,55 | 3,68 | 2,86 | 0,38 | 0,07  |      |

Tafla 3. Meðallengdir (cm) aldurshópa laxaseiða í Vesturdalsá árin 1979-1994.

| Ár   | Fj. m <sup>2</sup> | 0+  | 1+  | 2+  | 3+   | 4+   | eldri |
|------|--------------------|-----|-----|-----|------|------|-------|
| 1979 | 1270               | 3,0 | 5,2 | 7,2 | 9,2  | 13,1 | --    |
| 1980 | 1925               | 4,4 | 5,8 | 7,5 | 9,4  | 10,8 | 12,2  |
| 1981 | 1670               | 3,1 | 4,9 | 6,4 | 8,2  | 10,8 | 13,3  |
| 1982 | 2980               | --  | 5,9 | 8,2 | 10,8 | 12,0 | 13,2  |
| 1983 | 1260               | 3,5 | 6,5 | 8,1 | 9,9  | 11,4 | 13,3  |
| 1984 | 480                | --  | --  | 7,2 | 8,6  | --   | --    |
| 1985 | 2780               | 3,5 | --  | 8,9 | --   | --   | 11,3  |
| 1986 | 3120               | 3,7 | 6,6 | 9,0 | 11,4 | 14,8 | --    |
| 1987 | 3320               | 4,0 | 6,7 | 9,5 | 11,3 | --   | --    |
| 1988 | 1200               | 3,2 | 6,0 | 8,6 | 11,2 | --   | --    |
| 1989 | 1260               | 3,2 | 5,6 | 7,8 | 11,4 | --   | --    |
| 1990 | 805                | --  | 5,6 | 7,5 | 9,5  | --   | --    |
| 1991 | 1685               | 4,8 | 6,6 | 8,2 | 10,3 | --   | --    |
| 1992 | 1350               | 4,1 | 6,9 | 8,3 | 9,8  | 11,4 | --    |
| 1993 | 1153               | 3,1 | 5,5 | 8,3 | 9,4  | 11,1 | 14,2  |
| 1994 | 1020               | --  | 6,1 | 8,0 | 9,9  | 11,7 | --    |


Tafla 4. Dvalartími laxins í ferskvatni og sjó út frá hreistursýnum úr laxveiðinni í Vesturdalsá 1994.

| Ár í sjó    | 1    |      | 2    |      | 3   |     | Fjöldi | %    |
|-------------|------|------|------|------|-----|-----|--------|------|
| Ár í ánni   | Hæ.  | Hr.  | Hæ.  | Hr.  | Hæ. | Hr. |        |      |
| 2           | 1    | 0    | 0    | 0    | 0   | 0   | 1      | 0,7  |
| 3           | 38   | 10   | 9    | 25   | 0   | 0   | 82     | 57,7 |
| 4           | 19   | 5    | 6    | 27   | 0   | 1   | 58     | 40,9 |
| 5           | 0    | 0    | 0    | 1    | 0   | 0   | 1      | 0,7  |
| Fjöldi alls | 58   | 15   | 15   | 53   | 0   | 1   | 142    |      |
| %           | 40,8 | 10,6 | 10,6 | 37,3 | 0   | 0,7 |        | 100  |

G1+ = 3


Tafla 5. Greining á því hvað stóra hlutdeild hver klakárgangur hefur gefið í veiði síðarmeir.

| Klakár | Gaf í veiði árið |     |     |     |     |     |     |     |     |     |      |
|--------|------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|------|
|        | '85              | '86 | '87 | '88 | '89 | '90 | '91 | '92 | '93 | '94 | samt |
| 1978   | 10               |     |     |     |     |     |     |     |     |     | 10   |
| 1979   | 79               | 63  |     |     |     |     |     |     |     |     | 142  |
| 1980   | 137              | 115 | 43  | 4   |     |     |     |     |     |     | 299  |
| 1981   | 52               | 19  | 136 | 40  |     |     |     |     |     |     | 247  |
| 1982   | 2                |     | 173 | 100 | 10  |     |     |     |     |     | 285  |
| 1983   |                  |     | 28  | 83  | 59  | 8   |     |     |     |     | 178  |
| 1984   |                  |     |     | 4   | 87  | 37  | 1   |     |     |     | 129  |
| 1985   |                  |     |     |     | 69  | 71  | 23  | 2   |     |     | 175  |
| 1986   |                  |     |     |     | 1   | 47  | 57  | 30  |     |     | 135  |
| 1987   |                  |     |     |     |     |     | 35  | 134 | 32  | 4   | 205  |
| 1988   |                  |     |     |     |     |     |     | 71  | 94  | 56  | 221  |
| 1989   |                  |     |     |     |     |     |     | 1   | 72  | 88  | 161  |
| 1990   |                  |     |     |     |     |     |     |     | 3   | 69  | 72   |
| 1991   |                  |     |     |     |     |     |     |     |     | 1   | 1    |




1. mynd. Vatnakerfi Vesturdalsár í Vopnafirði (eftir Inga Rúnari Jónssyni 1994).


Stöð 1 v/Haukestaði




Stöð 2 v/Vaðhóla




Stöð 3 v/Fremri-Hlíð




Stöð 4 v/Ytri-Hlíð




Stöð 5 v/Vakurstæði




Vesturdalsá allar stöðvar saman






3. mynd. Pyngdardreifing laxveiðinnar í Vesturdalsá 1994.




4. mynd. Laxveiðin í Vesturdalsá 1994 eftir vikum.




5. mynd. Laxveiðin í Vesturdalsá 1994 eftir veiðistöðum.







6. mynd. Ganga lax upp Vesturdalsá 1994 eftir dögum.




7. mynd. Ganga bleikju upp Vesturdalsá 1994 eftir dögum.



8. mynd. Ganga lax og bleikju upp Vesturdalsá 1994 eftir tíma dags.



9. mynd. Lengdardreifing fisks á göngu upp Vesturdalsá 1994 samkvæmt fiskteljaranum Árvaka.



10. mynd. Hitamælingar í Vesturdalsár 1994, gerðar með síritandi hitamæli á 4 stunda fresti.